

Ársskýrsla

aðildarfélags til Landssambands eldri borgara fyrir starfsárið 2017

Heiti félags: Félag eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Kennitala: 580998-2679

Formaður félags: Bjarni Ófeigur Valdimarsson, Fjalli 2, 801 Selfoss

Símar: 8933198/4865527

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0-0	K/S 9.2.18
Ábm.	Svfr.
Árg.	()Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Heimilisfang/netfang: Bókasafnshúsið í Brautarholti eldriskeidgnup@gmail.com

og fjall2@simnet.is

Fjöldi félagsmanna í árslok 2017: Gjaldskyldir félagar 43

Árgjald félagsmanns 2017: 2000 krónur

Starfsemi félagsins:

Félagsfundir haldnir tvisvar í mánuði (annan hvern föstudag yfir vetrarmánuðina). Á þessa fundi koma hinir ýmsu fyrirlesar, s.s. frá hjúkrunar, heilsugæslu, velferðar og heimahlyningu. Bókmenntapáfar, söngfuglar og skólabörn í hljóðfæraleik, að ógleymdu því sem félagsmenn framreiða sjálfir, s.s. skemmtiefni, gamall fróðleikur, sem hvergi er skráður, myndasýningar, spilað á spil og sungið við píanóundirleik og ávallt endað með sameiginlegu veislukaffi. Heimboð voru þegin í Árnesi, Skálholti og á Flúðum. Jógæfingar eru einu sinni í viku og sundleikfimi einu sinni í viku, nema þegar kaldast er. Þá heldur félagið þorablót á Hestakránni með uppákomum. Leikhúsferðir voru tvær á árinu, þriggja daga ferð á Siglufjörð, dagsferð um Rangárþing og fundarferð í Ullar-, kembi- og spunaverksmiðjuna Tyrfingsstöðum. Þá bauð félagið heim eldri borgarafélagi Hrunamannahrepps í samstarfi við sveitarstjóra.

Aðstaða:

Bókasafnshúsið í Brautarholti. Þar er ágætur samkomusalur fyrir félagsmenn og vel búið eldhús og aðstaða hin besta til funda. Eigandi húss er Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

Stuðningur sveitarfélagsins: Sveitarfélagið styrkir eldri borgara félagið með 270.000 króna framlagi á árinu auk endurgjalslausra afnota af bókahúsinu. Þá hefur sveitarfélagið staðið straum af kostnaði vegna sundleikfimi félagsins.

Félagsmannaskrá:

Haldið er utan um félagamannaskrá í tölvu.

Öldungaráð: Ekki hefur verið stofnað öldungaráð.

Með kveðju, 9. febrúar 2018,

Bjarni Ófeigur Valdimarsson

Soll Kristófer, sendi hér með afrit
af skýrðu eldnborgarfélagins Skúð-Grúp.
sem send~~ur~~ er lands sambandinu.

Textinn er ef til vill knappur en get
sent skýrðu stjórnar sem gerð er fyrir aðal-
fund í apríl m. k. ef þú ilt.

Félagar í félaginu eru frá áramótum
58 voru 53. Þar sem talið er um
gjaldskylda félagar er átt við að ekki
er greitt til lands sambands af
innviðgjöldum í stofnunum

Mét hvortju

Þjámi Þflögur